



LAMPOCEM 202/3.99

MJÖG HRAÐ-ÞORNANDI OG RÝRNUNAR-FRÍ ÞANSTEYPA TIL ÞÉTTINGA OG VIÐGERÐA.

NOTKUNARSVIÐ:

Til hraðvinnslu við festingar og frágang, - bæði á lárétta og lóðrétta fleti úr steypu og múrhleðslum.

Dæmigerð notkun:

Til festinga og frágangs á niðurföllum og brunnum.
Til að festa járnbolta, pípulagnir, sólbekki og syllur.
Til að festa girði, baulur og króka, - hreinlætistæki glugga- og hurðarkarma.
Til frágangs á rofum vegna raflagna og töfluskápa.
Til frágangs og þéttinga á steinrörum, rotþróm og til viðgerða á minniháttar leka.

EIGINLEIKAR:

LAMPOCEM er tilbúin, fljótharðnandi múrblanda gerð úr sterku sementi og sérstökum bætiefnum samkvæmt forskrift sem gerð er í rannsóknarstofum MAPEI. LAMPOCEM inniheldur engin klórefni. Þegar LAMPOCEM er blandað vatni þá verður úr mjög auðvinnanlegur massi sem hæfir jafn á lárétta sem lóðrétta fleti án þess að áður þurfi að setja upp mót. Hörðnunartími LAMPOCEM er mjög hraður (u.þ.b. 3 mínútur við + 20°C), og hefur eftirfarandi eiginleika:

Mjög mikið þrýsti- og sveigjuþol eftir u.þ.b. 3 klst.
Rýrnar ekki.
Er vatnsþétt og vatnsfælin.
Er frost / þíðu þolin.

RÁÐLEGGINGAR (Varist eftirfarandi):

Notið ekki LAMPOCEM til endurbyggingar eða viðgerða á ónýtri steypu. Notið þá MAPEGROUT TISSOTROPICO eða MAPEGROUT RAPIDO.
Notið ekki LAMPOCEM til að festa niður vélar eða stálbita. Þá skal nota MAPEFILL.
Notið ekki LAMPOCEM til viðgerða á gólfum, veggjum eða tröppubrúnum. Notið þá NIVORAPID.
Berið ekki LAMPOCEM á þurrt eða óhreint yfirborð. Undirbúið fyrst.
Ekki má bæta meira vatni en fyrirskipað er í LAMPOCEM, og alls ekki eftir að lögunin fer að harðna.
Bætið ekki kalki, sementi eða gífsi í LAMPOCEM.
Skiljið ekki við umbúðir, óopnaðar í sólskini, fyrir notkun.



NOTKUNARREGLUR:

Undibúningur lagnaflatar:

Flöturinn verður að vera gegnheill, sterkur og laus við ryk og yfirborðsleifar. Vegna holufyllinga, er nauðsynlegt að yfirborðið sé uppýft og gegnbleitt með vatni. Þetta verður að útfæra af nærgætni sérstaklega ef flöturinn er mjög drægur og ekki má skína á hann sól.

Undirbúningur lögunar:

Meðan hrært er, skal hella 1 kg. af LAMPOCEM í ílát með 200-210 g. af vatni þ.e. 20-21 % af vatni í 1 kg. af LAMPOCEM. Hrærið vel, með spaða eða múrskeið þar til lögunin er orðin mjúk og kekkjalaus.

Hræra má LAMPOCEM í stærri lögunum og er þá mælt með þar til gerðri hrærivél. Hafið í huga, að hörðunartíminn er aðeins um 3 mínútur. Hrærið því aldrei stærri lögun en hægt er að nota á 1 til 2 mínútum.

Ef blandað er samkvæmt rúmmáli þá ættu að fara 3 hlutar af LAMPOCEM í 1 hluta af vatni.

Borið á:

Berið LAMPOCEM lögunina á, í flýti, með múrskeið eða bretti.

Holufyllingar o.þ.h.:

Fyllið mótin / holurnar alveg með LAMPOCEM og setjið síðan í þær hlutina sem þarf að festa s.s. baulur, króka, girði o.fl.o.fl.

Útfærið lokafrágang strax með múrskeið eða bretti.

Frágangur á dyrakörmum, gluggum, varskápum o.fl.:

Réttið af karma og glugga og festibolta með LAMPOCEM.

Gangið strax frá yfirborði með múrskeið eða bretti.

Stillið af og/eða setjið upp stoðir í nokkrar klst.

Stöðvun minniháttar vatnsleka:

Hrærið upp lögun og bíðið síðan smástund þar til hræran fer að hitna og taka sig.

Á þessu stigi skal troða hrærunni á eða í lekafötinn og halda við í a.m.k 3 mínútur.

Notið hlífðarhanska !

Varúðarráðstafanir við undirbúning og lögn:

Engra sérstakra ráðstafana er þörf ef hitastig er u.þ.b. + 20°C.

Í hlýindum má LAMPOCEM ekki standa í sólskini, - og mjög kalt vatn á að nota í lögunina.

Í kulda á vatnið að vera u.þ.b. + 20°C og LAMPOCEM á að geyma í upphituðu umhverfi þar sem kuldi seinkar hörðunarferlinu.

Ef fylla þarf stórar holur / mót á lóðréttum fleti, þá er nauðsynleg að gera slíkt í nokkrum umferðum með u.þ.b. 5 mínútna millibili.

Við miklar þurrk-aðstæður s.s. í roki, sól og hlýindum er rétt að væta yfirborðið fyrsta klukkutímann eftir lögn, til að ná fram fullkominni hörðnun.



NÝTING: 1.8 Kg af LAMPOCEM fyllir 1 ltr. holu / mót.

Hreinsun: Hægt er að hreinsa tól og tæki með vatni áður en LAMPOCEM harðnar. Eftir hörðun er aðeins hægt að vélhreinsa.

PÖKKUN: LAMPOCEM fæst í 25 og 5 kg. pokum frá verksmiðju.

GEYMSLA: Geymið innanhúss á þurrum stað.

TÆKNI-UPPLÝSINGAR:

EFNISLÝSING:

Efnisgerð	Fínkornað duft.
Litur	Grár.
Eðlisþyngd	1.12 kg/l.
Þurrefnis innihald	100 %
Geymslutími	12 mán. í upphaflegum, heilum umbúðum á þurrum stað.
Heilsuvá skv. EEC 88/379	Nei. Þó getur sementsinnihaldið valdið ertingu í augum og húð. Sjá nánar <i>MAPEI SAFETY DATA SHEETS</i> .
Eldfimt	Nei.

NOTKUNARREGLUR O.FL.:

Litur lögunar	Grár.
Blöndunarhlutfall (skv. vigt)	100 g LAMPOCEM í 20-21g af vatni.
Blöndunarhlutfall (skv.rúmmáli)	3 hl. af LAMPOCEM í 1 hluta af vatni.
Eðlisþyngd lögunar	2.09 Kg / L.
pH gildi lögunar	11
Lágmarkshiti við lögn	+ 5°C.
Nýtingartími (pot-life) lögunar	1 – 2 mínútur við + 20°C.
Hörðunartími	2 – 4 mínútur við + 20°C.
Tilbúið til notkunar	Eftir 1 – 2 klst.
Tími milli umferða	U.þ.b. 5 mínútur við + 20°C.
Heilsuvá skv. EEC 88/379	Nei.

**ENDANLEGIR EIGINLEIKAR:***Aflfræðileg einkenni:*

Prófanir vegna sveigju- og þrýsti-
styrks voru gerðar á steyptum
kubbum í stærð 4x4x16 cm í samræmi
við fyrirskipun skv. M.D. frá 3.júní
1968.

LAMPOCEM var blandað 21% m/vatni.

SVEIGJUPÓL:

Eftir 20 mínútur	2.0 N / mm ²
Eftir 3 klst.	4.0 -
Eftir 24 klst.	5.5 -
Eftir 3 daga	6.5 -
Eftir 7 daga	7.0 -
Eftir 28 daga	8.0 -

ÞRÝSTIÞÓL:

Eftir 20 mínútur	8.0 N / mm ²
Eftir 3 klst.	16.0 -
Eftir 24 klst.	20.0 -
Eftir 3 daga	25.0 -
Eftir 7 daga	35.0 -
Eftir 28 daga	40.0 -

AÐVÖRUN

Þó tæknilegar leiðbeiningar og fyrirmæli þau sem að ofan greinir séu samkv. því sem okkur hefur reynst best, þá skulu þau aðeins höfð til viðmiðunar og aðeins sannreynd í ljósi nægjanlegrar reynslu af notkun efnisins. Því skal notandinn ganga úr skugga um hvort efnið hentar til fyrirhugaðrar notkunar enda hvílir á honum öll ábyrgð í því sambandi.

FYRIR FAGMENN EINGÖNGU